

## LÖG

### um breytingu á lögum nr. 30/2007, um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa (kröfur til mönnunar o.fl.).

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 19. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „Björgunarskipum“ í 1. másl. 3. mgr. kemur: og vinnuskipum sjókvíaeldisstöðva.
- b. Í stað orðsins „Björgunarskip“ í 2. másl. 3. mgr. kemur: Skip samkvæmt þessari málsgrein.
- c. Við 3. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ráðherra skal mæla fyrir um farsvið vinnuskipa sjókvíaeldisstöðva í reglugerðinni.

2. gr.

Í stað orðanna „12 metrar og styttri“ í 1. másl. 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögnum kemur: 15 metrar og styttri.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 14. júní 2017.*

**Guðni Th. Jóhannesson.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Jón Gunnarsson.*